



Alþýðusamband Íslands

Ályktun miðstjórnar 10.02 2010

Við viljum vinna

Atvinnuleysi er bölg. Það er því forgangsmál að stuðla með öllum tiltækum ráðum að aukinni atvinnu um leið og við verjum störf. Alþýðusambandið krefst verklegra framkvæmda til að mæta miklum samdrætti í byggingariðnaði og mannvirkjagerð því þar er atvinnuleysið mest. Slíkar framkvæmdir munu einnig hleypa auknu lífi í fjölmargar greinar atvinnulífsins sem þjónusta byggingariðnað og mannvirkjagerð með beinum og óbeinum hætti.

Ríkisstjórnin verður að greiða götu þeirra stórfamkvæmda sem nú eru í undirbúningi auk þess að ráðast í framkvæmdir á eigin vegum. Bent hefur verið á fjölmörg verkefni sem ráðast má í á næstu mánuðum og misserum af hálfu stjórnvalda s.s. viðhaldsverkefni vegna opinberra bygginga um land allt, vegabætur, samgöngumiðstöð, byggingu hjúkrunarheimila og nýjan Landspítala. Þetta eru verkefni sem hefja má tafarlaust vinnu við.